

Fundur 23.5.2022 Eiríkur Hamall Þorsteinsson

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Frændi og allir áheyrendur, tala ég hér frá háu fjalli og fagurri stjörnusambandsstöð og er hér margt að segja og margt sem hefur á dagana drifið og hef ég nú á síðari árum notað hæfileikana meira og bæði til kennslu og rannsóknarstarfa. Og hef ég einnig komist í góð vina sambönd og á hér fjölskyldu nokkra.

Ég hjálpaði til við eitt sambandanna sem var hér í dag og hef ég sinnt því einnig að sinna nýkomnum, nýfluttum einstaklingum sem hingað koma og þjást af geðrænum röskunum og hef ég verið einn af mörgum, fjölmönnum hópum sem hafa nálgast þessa einstaklinga með Nýölskum hætti og útskýringum þess efnis sem þið heyrðuð hér í kvöld.

Og er það oft mikið ferðalag að hjálpa þeim sem hingað koma með raskanir geðrænar og koma þeim í skilning um hysteriskar þjáningar og margskonar aðsóknir frá öðrum hnöttum sem á þeim bitna og losa þau við hugmyndir um anda og slíkt sem ekki eru vísindalegar, heldur hamla þær á þroskabrautinni og hindara þau að ná fullum bata.

Er hér nokkuð umliðið síðan ég varð allur annar og miklu hressari af öllu því sem mig hrjáði og talaði ég við ykkur um það leiti.

Og frændi minn sem er hér staddur og bið ég að heilsa fjölskyldunni og er svo margt sem ég vildi segja til að efla ykkur og afi biður að heilsa og nafni, kallar að það verði á Nýölskum forsendum sem þjóðin rísi upp og dafni og segir hann að ástæði sé gott nú til að kynna þetta fyrir þjóðinni.

Veit ég ekki hversu lengi ég geti talað í viðbót en hef ég með þessu sambandi opnað á greiðari leið orkunnar frá mér til ykkar og vil ég hvetja alla þá sem eiga í margskonar hugrænum vanda á jörðinni að hugsa til okkar sem eru hér framliðin, hvort við getum hjálpað ykkur og skal ég reyna eftir megni ásamt öðrum sem hér eru.

Ég bið að heilsa bræðrum og allri fjölskyldu minni og er ég sérlega ánægður með þessa sýningu eins og aðrir sem hér hafa talað.

Verð ég nú að kveðja en reyni ég að koma aftur við tækifæri og vona að ykkur gangi allt í hagin, Eiríkur Hamall.

*Já sæll Eiríkur, blessaður. Velkominn.*

Gott að heyra í þér og ykkur og allt of langt síðan ég hef komið en reyni ég að koma síðar.

*Ein lítil spurning, hvað átt þú af börnum?*

Það er nú bara tvö.

*Tvö, já til lukku með það, gaman að segja bróður þínum frá því.*

Já, ég veit að hann er líka búinn að gangskör í þessu.

*Jú, jú.*

*Já.*

Og þú frændi?

*Ég á einn og hann er orðinn stærri en ég, orðinn þrítugur.*

Já, er hann með, ég skynja einhverja erfiðleika þar líka?

*Já, þú þarft að hjálpa honum.*

*Já hérna hjá Halli?*

Já.

*Já hann er nú með þessa gáfur sem ég er með og þar er eitthvað meira sem þarf að skoða, hann hefur orðið fyrir einhverjum ofsóknum þegar hann var yngri, hann trúði mér fyrir þessu, og ég þurfti að loka á þetta.*

Já, segðu honum að reyna að virkja þessa hæfileika og segðu honum að kynnast sem flestum og verða virkur í félagsstarfi og þá muni hann líta á þetta léttari augum og segðu honum að hugsa til mín ég ætla að reyna að hjálpa honum og við sem erum hér.

Já.

Ég hef náð góðum árangri í þessum málum og þurfti að glíma við það um langt árabil, en

*Já einmitt, takk fyrir það.*

Einnig, biðja að heilsa móður minni og vona að hún hafi það gott og þeim systur.

*Já, já, ég skila því.*

Eru þær farnar að reskjast?

*Já, ég held að stutt sé í það að móðir mín fari yfir sko eða faðir minn hann er nú kominn með krabbamein í brisi.*

ÆÆ.

*Og það er afturför hjá honum núna í vetur.*

Já við reynum að senda þeim orku en þið vitið að við tökum vel á móti þegar að því kemur.

Já.

En ég reyni að ýta á Dungal að muna eftir þessu sem best að halda áfram að efla þau ens og hægt er.

*Þakka þér fyrir það.*

Og.

*Annars er ég alltaf hraustur.*

Já, þér finnst, þú ert ekkert búinn að gleyna mér þótt langt sé um liðið?

*Nei, nei, ég er sko alls ekki búinn að gleyma þér, ég hugsa oft til þín.*

Já þetta búið að vera langt síðan og maður hefur átt erfiðar stundir eins og margir.

Já.

En ég hef dvalið hér með öðrum þjóðum á hnettinum og var hér með þýskumælandi og frönskumælandi um tíma og það hjálpaði til við að kynnast þeirra menningu meira og þjóðinni.

*Já það var ágætt.*

Já, já en ég get stundum átt mína erfiða daga eins og gerist,

*Já.*

Það er ekkert við því að gera en þetta er nú samt allt að lagast.

*Já það er gott.*

*Eiríkur ég er með svolítið vandamál hjá mér, ég spila á hljóðfæri en ég þori aldrei að syngja, fæ aldrei kjark til að reyna að syngja.*

Já en, hverngi væri að fara í raddþjálfun eða einhvað svoleiðis.

*Ég hefði nú þurft að gera það en það þýðir lítið að tala um það núna.*

En þú getur nú komið upp hljóði, er það ekki?

*Jú, jú ég hef nú reynt það og söng nú inn á tækið um daginn og þetta var svo svakaleg rödd að ég fór að athuga hvort ég hefði verið að drekka úr vodkaflösku.*

Já ég veit nú ekki um það, en já já haltu þig frá áfenginu það er ekkert betra, en ef þú ætlar þér það þá er alltaf meiri líkur á því að það gangi, ef þú vinnur að því.

*Já, ég er nú að reyna að semja svolítið sjálfur.*

Já um að gera að gera það sem hugurinn girnist, en það þarf að vanda til verka.

Já, já.

En ég þakka fyrir góðar móttökur og vona að ég komist sem fyrst aftur og sendi bestu kveðjur og verið þið sælir.

*Vertu blessaður og bið að heilsa þínu fólki.*